



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Miðlun og Almennatengsl



Námskrá fyrir nám til BA gráðu

Nafn námskrár: BA nám í miðlun og almannatengslum

Tengiliður: Sviðsstjóri félagsvísindasviðs og umsjónarmaður staðnáms og fjarnáms

Lengd náms : átta annir

Fjöldi eininga: 180 ECTS, stig 1.2 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011

1. útgáfa janúar 2015

Efnisyfirlit

Almennt um námið.....	5
Skipulag náms og kennsluaðferðir.....	5
Fjarnám.....	6
Val og Starfsnám	6
Alþjóðlegt nám – samstarf við erlenda háskóla.....	6
Námsframvinda.....	7
Námskeiðslýsingar.....	9
Aðferðir og vinnubrögð (18 einingar)	9
Aðferðafræði.....	9
Upplýsingatækni.....	9
Framsækni og tjáning.....	10
Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga.....	10
Samfélags-, menningar- og hugmyndagreining (60 einingar)	12
Menningarfræði	12
Stjórn málaheimspeki.....	12
Siðfræði.....	13
Hugmyndasaga.....	13
Klassísk stjórnspeki.....	14
Íslensk stjórn máل.....	14
Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun.....	14
Vísindaheimspeki (Philosophy of Science).....	15
Alþjóðastjórn máل.....	15
Sjálfbærni og samfélagsábyrgð.....	16
Friðar- og átakafræði.....	17
Samanburðarstjórn máل.....	17
Efnahagssamruni Evrópu.....	18
Vald og vélabrögð.....	18
Framtíðarfræði.....	19
Kynjafræði (Gender Studies).....	19
Stjórn málahugmyndir og hugmyndakerfi.....	20
Loftslagsbreytingar og alþjóðastjórn máل (Climate Change and International Politics).....	20
Trúarbrögð og stjórnmál (Religion and Politics).....	21
Norðurslóðir (Arctic Politics).....	21
Mannréttindi og alþjóðastjórn máل.....	22
Bandarísk stjórnmál.....	22
Miðlun og markaður (60 einingar)	24
Boðskipta- og fjölmiðlafræði	24
Fjölmiðlafærni	24
Almannatengsl og krísustjórnun.....	25
Boðmiðlun og birtingarfræði.....	25

Intercultural communication	26
Skapandi skrif og sala hugmynda	26
Byltingafræði II: Massamiðlun	27
Fjölmiðlar, siðferði og lög	27
Nýmiðlar og áhrif.....	28
Hnattvæðing og fjármálastofnanir	28
Tölfræði	29
Rekstrarhagfræði.....	29
Þjóðhagfræði	30
Alþjóðahagfræði.....	30
Leikjafræði (Game Theory)	31
Réttarhagfræði	31
Þróunarhagfræði (Development Economics).....	32
Stofnanahagfræði (Institutional Economics).....	32
Umhverfis- og auðlindahagfræði	33
Annað	34
Valnámskeið	34
Málstofa	34
Misserisverkefni	34
Starfsnám.....	35
BA ritgerð.....	36
Lokaviðmið námslínu.....	37

Almennt um námið

Grunnnám í Miðlun og Almannaatengslum er ný tegund af námi hér á landi sem miðar að því að búa nemendur undir þátttöku á vinnumarkað sem gerir æ ríkari kröfur um skilning, þekkingu og fagleg vinnubrögð er lúta að samskiptum við fjölmiðla, fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir. Að geta átt skýr og markviss samskipti og að geta skilið og komið frá sér hugmyndum, skoðunum, stefnu fyrirtækja og stofnana verður æ þýðingarmeira í nútímasamfélagi. Nemendur í Miðlun og Almannaatengslum öðlast þjálfun bæði í að meta og greina mikilvægar hugmyndir og upplýsingar í samfélagi, menningar- og viðskiptalífi en jafnframt hæfni til þess að miðla þeim með greinargóðum og áhrifaríkum hætti. Nemendur læra sjálfstæð vinnubrögð sem og að vinna með teymi fólks.

Námið er tilvalið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að vinna við miðlun upplýsinga, upplýsingaráðgjöf eða sinna upplýsingagjöf. Er þá átt við störf á sviði fjölmiðlunar eða almannaatengsla, í opinberri stjórnarsýslu, fyrir frjáls félagasamtök, stjórnmalaflokka, stofnanir og fyrirtæki af ýmsum toga. Lögð er mikil áhersla á þjálfun í skriflegri og munnlegri framsetningu í náminu sem nýtist á margvíslegum starfsvettvangi.

Til að innritast í námið þurfa umsækjendur að hafa lokið stúdentsprófi. Nemendur sem lokið hafa Háskólagátt Háskólans á Bifröst teljast uppfylla þetta skilyrði. Þá er heimilt að veita undanþágu frá kröfu um stúdentspróf búi umsækjandi yfir reynslu og/eða þekkingu sem meta má til jafns við stúdentspróf.

Námi lýkur með BA gráðu í Miðlun og Almannaatengslum (180 ECTS), sem uppfyllir skilyrði um bakkalárpróf, þrep 1.2 samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

Í því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, mannúðlegu samfélagi og ábyrgri þátttöku, hefur skólinn gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu. Jafnframt miðar skólinn að því að efla hugsun um sjálfbærni sem tengist bæði námi og rannsóknum sem við skólann og mannlífi í háskólaþorpinu.

Skipulag náms og kennsluáferðir

Nám í Miðlun og Almannaatengslum er nám sem byggir á breiðum grunni hug- og félagsvísinda. Uppbygging námsins er tvíþætt. Nemendur ljúka 60 einingum í samfélags-, menningar- og hugmyndagreiningu. Námskeið í þessum hluta heyrar meðal annars undir heimspeki og stjórnmalafraeði. Þau miða að því að byggja upp almennan þekkingargrunn á samfélags- og menningarmálum og hæfni til þess að greina og vinna með hugmyndir þar að lútandi á gagnrýnninn og skapandi hátt. Þá ljúka nemendur 60 einingum í Miðlunar og markaðsfræðum. Námskeið í þessum hluta miða að því að þjálfar nemendur í framsetningu og miðlun hugmynda með hliðsjón af ólíkum markhópum, almannaatengslum og samskiptum innan stofnana og fyrirtækja. Nemendur eru stöðugt hvattir til að þjálfar og þroska sjálfstæða hugsun og nýta sér námið til þess.

Námskeið í Miðlun og Almannaatengslum eru skipulögð með tilliti til mikillar verkefnavinnu en auk þess vinna nemendur í hópum að rannsóknum og úrlausn sjálfstæðra hópverkefna – svonefndra misserisverkefna, sem eru kynnt og lögð í dóm kennara og samnemenda. Nemendur gera tvö slík verkefni á námstímanum, en þau vega átta ECTS einingar hvort um sig. Samhliða misserisverkefnum fá nemendur markvissa þjálfun í verkefnastjórnun. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og samfélagstengd viðfangsefni. Misserisverkefni eru oft unnin í samstarfi við fyrirtæki, sveitarstjórnir, opinberar stofnanir og aðra aðila utan skólans.

Grunnnám í Miðlun og Almanntatengslum tekur sjö annir, þar á meðal tvær sumarannir. Kennt er í sjö og 14 vikna lotum. Á haust- og vorönnum er kennsla í flestum greinum skipulögð í sex vikna lotum (sjöunda vikan er prófavika) en eitt námskeið er jafnan kennt yfir alla önnina. Á sumrin vinna nemendur einnig misserisverkefni og leggja þau fram til varnar. Nemendur í fullu námi ljúka 30 ECTS einingum á haust- og vorönnum en 20 einingum á sumarönnum. Á lokaönn námsins, sem er haustönn, ljúka nemendur sem haldið hafa fullum hraða 20 einingum, þar á meðal 14 eininga BA ritgerð. Hún er sjálfstætt verkefni nemanda, unnin í samvinnu við kennara.

Fjarnám

Grunnnám í Miðlun og Almanntatengslum er hægt að stunda í fjarnámi sem skipulagt er til hliðar við og í fullu samræmi við staðnámið. Háskólinn á Bifröst hefur margra ára reynslu af fjarnámi og stór hluti útskrifaðra nemenda skólans hefur stundað nám sitt að mestu eða öllu leyti í fjarnámi. Skipulag þess gerir nemendum kleift að stunda nám hvar sem þeir eru staddir í heiminum. Kennsluefni er aðgengilegt á fjarnámsvef háskólans, jafnt fyrirlestrar sem stoðefni af ýmsu tagi. Skólinn leggur áherslu á að samhæfa efnið við margskonar búnað, þannig að nemendur geta t.d. hlustað á fyrirlestra í MP3 spilurum, horft á þá í spjaldtölvum, far- eða borðtölvum allt eftir hentugleikum hvers og eins.

Í hverju námskeiði er gert ráð fyrir a.m.k. einum fundi nemenda ásamt kennara á Bifröst á vinnuhelgi. Þær eru mikilvægur þáttur í fjarnáminu og eru nýttar til fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu. Vinnuhelgar standa oftast frá föstudegi til sunnudags. Gisting, fæði og önnur þjónusta er í boði á staðnum. Próf í fjarnámi eru haldin á fjölmörgum stöðum víða um heim. Á Íslandi eru próf m.a. haldin á símenntunarmiðstöðvum víðsvegar um landið og erlendis geta nemendur tekið próf m.a. í sendiráðum, ræðismannsskrifstofum eða í háskólum sem Bifröst semur við hverju sinni.

Val og Starfsnám

Nemendur í Miðlun og Almanntatengslum eiga kost á tvennskonar valnámskeiðum. Annarsvegar bundnu vali þar sem þeir velja á milli fyrirfram ákveðinna námskeiða, hins vegar 12 eininga frjálssu vali. Nemendur geta annað hvort notað það til að dýpka þekkingu sína í einhverri greina félagsvísindasviðs eða leitað út fyrir það inn á svið lögfræði eða viðskiptafræði.

Til að efla tengsl við samfélagið og við þann starfsvettvang sem áhugi nemenda beinist að hefur Háskólinn á Bifröst byggt upp starfsnám í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og samtök. Nemendur geta því tekið hluta af valeiningum sínum í formi starfsnáms. Þeir sem hafa sýnt frumkvæði og sjálfstæða hugsun í námi auk þess að ná góðum námsárangri geta sótt um að komast í starfsnám. Nemendur í grunnnámi verða að hafa lokið a.m.k. 110 einingum og hafa fyrstu einkunn til að geta komist í starfsnám. Starfsnámið tekur fjórar til sex vikur og gefur 6 ECTS einingar.

Alþjóðlegt nám – samstarf við erlenda háskóla

Alþjóðleg tengsl Bifrastar koma skýrast fram í öflugum samstarfi við erlenda háskóla. Nemendum í grunnnámi við Háskólann á Bifröst býðst að stunda nám í einum af samstarfsskólum Bifrastar erlendis í eina til tvær annir og er námið skipulagt með þeim hætti að nemendur geti lokið sama einingafjölda við samstarfsskólann og þeir hefðu annars lokið á Bifröst á sama tíma. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinimum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á. Þá taka akademískir starfsmenn skólans þátt í margvíslegu samstarfi við skóla erlendis jafnt á sviði kennslu sem rannsóknna.

Háskólinn er aðili að Erasmus-samstarfi evrópskra háskóla en einnig hefur skólinn gert samstarfssamninga við fjölda skóla utan Evrópu. Bifröst tekur þátt í University of the Arctic (UArctic) sem er samstarf yfir 100 háskóla í Kanada, Bandaríkjunum, á Norðurlöndum og í Rússlandi.

Námsframvinda

Námsferill nemenda í Miðlun og Almennatengslum samanstendur af eftirfarandi námskeiðum. Stjórnumerkt námskeið eru háð þátttöku og svigrúmi skólans hverju sinni. Námskeið sem ekki eru skylda eru breytileg, önnur sambærileg námskeið geta komið í þeirra stað. Nemendur á fyrsta og öðru ári taka sumarnámskeið saman. Hvert sumarnámskeið er því kennt annað hvert ár. Stjórnumerkt námskeið

Aðferðir og vinnubrögð og stjórnun (18 einingar)

Aðferðafræði (skylda)

Upplýsingatækni (skylda)

Framsækni og tjáning (skylda)

Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga (skylda)

Samfélags-, menningar- og hugmyndagreining (60 einingar)

Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun (skylda)

Menningarfræði (skylda)

Stjórnmálaheimspeki (skylda)

Siðfræði (skylda)

Hugmyndasaga (skylda)

Alþjóðastjórnmál (skylda)

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð (skylda)

Íslensk stjórnmál (skylda)

Klassísk stjórnspeki

Vald og vélabrögð

Vísindaheimspeki

Friðar- og átakfræði

Samanburðarstjórnmál

Framtíðarfræði

Evrópusamruninn og Ísland

*Stjórnmálhugmyndir og hugmyndakerfi

*Gender studies (sumar)

*Bandarísk stjórnmál

*Loftslagsbreytingar og alþjóðastjórnmál

*Trúarbrögð og stjórnmál

*Norðurslóðir

*Mannréttindi og alþjóðastjórnmál

Miðlun og markaður (60 einingar)

Boðskipta- og fjölmiðlafræði (skylda)

Fjölmiðlafærni (skylda)

Almennatengsl og krísustjórnun (skylda)

Byltingafræði II: Massamiðlun (skylda)

Skapandi skrif og sala hugmynda (skylda)

Fjölmiðlar, siðferði og lög (skylda)

Boðmiðlun og birtingafræði

Nýmiðlar og áhrif

Þjóðhagfræði

Intercultural communications

Hnattvæðing og fjármálastofnanir

Tölfræði

Development economics
 Rekstrarhagfræði
 Umhverfis- og auðlindahagfræði
 Leikjafræði
 *Alþjóðahagfræði
 *Réttarhagfræði
 *Stofnanahagfræði

Misserisverkefni (16 einingar)

Val og starfsnám (12 einingar)

BA ritgerð (14 einingar)

Fyrsta ár (60 ECTS)	
Haustönn (30 ECTS)	Vorönn (30 ECTS)
Siðfræði (6 ECTS)	Stjórn málaheimspeki (6 ECTS)
Upplýsingatækni (4 ECTS)	Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun (6 ECTS)
Framsækni og tjáning (2 ECTS)	Byltingafræði II: Massamiðlun (6 ECTS) L
Boðskipta- og fjölmiðlafræði (6 ECTS) L	Fjölmiðlafærni (6 ECTS)
Aðferðafræði (6 ECTS)	Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtogans (6 ECTS)
Íslensk stjórnsmál (6 ECTS)	
Sumarönn (20 ECTS) (2015)	
Misserisverkefni með verkefnastjórnun I (8 ECTS)	
Boðmiðlun og birtingafræði (6 ECTS)	
Bundið val: Umhverfis- og auðlindahagfræði/Vald og vélbrögð (6 ECTS)	
Annað ár (60 ECTS)	
Haustönn (30 ECTS)	Vorönn (30 ECTS)
Bundið val: Vísindaheimspeki/Þjóðhagfræði/ Intercultural Communication (6 ECTS)	Bundið val: Hnattvæðing og fjármálastofnanir /Samanburðarstjórnsmál/Breytinga- og krísustjórnun (6 ECTS)
Skapandi skrif og sala hugmynda (6 ECTS)	Menningarfræði (6 ECTS)
Alþjóðastjórnsmál (6 ECTS) L	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð (6 ECTS) L
Almannatengsl og krísustjórnun (6 ECTS)	Fjölmiðlar, siðferði og lög (6 ECTS)
Hugmyndasaga (6 ECTS)	Bundið val: Átaka- og friðarfræði / Leikjafræði (6 ECTS)
Sumarönn (20 ECTS) (2016)	
Misserisverkefni með verkefnastjórnun II (8 ECTS)	
Framtíðarfræði (6 ECTS)	
Developmental economics/Gender Studies (6 ECTS)	
Þriðja ár - Haustönn (20 ECTS)	
Starfsnám eða val (6 ECTS)	
BA verkefni (14 ECTS)	

Námskeiðslýsingar

Aðferðir og vinnubrögð (18 einingar)

Aðferðafræði

Önn: Hausti 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Allar námslínur í grunnnámi

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á íslensku og ensku

Kennarar: Sigrún Lilja Einarsdóttir, lektor

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Námskeiðið er inngangsnámskeið í aðferðafræði þar sem kynnt verða helstu grunnhugtök aðferðafræðinnar, uppbygging ritsmíða vinnulag við gerð fræðiritgerða, og rannsóknarskýrsla. Farið verður í gegnum undirbúning og framkvæmd rannsókna, val og afmörkun viðfangsefnis, kenningasmíð, notkun tilgátta, áreiðanleika, innra og ytra réttmæti, orsakasamhengi og siðferðileg álitamál rannsókna. Nemendur kynnast ólíkum rannsóknáðferðum (bæði meginlegum og eigindlegum) og öðlast þjálfun í gerð spurningalista, undirbúningi viðtala og helstu atriði er varða raundæmisrannsóknir (e. *Case studies*) og hinar ýmsu gerðir vettvangsathugana (e. *Observation*). Jafnframt munu nemendur fá þjálfun í vönduðum vinnubrögðum við gerð rannsóknáætlaða, gagnaöflun, heimildaskráningu, heimildaleit og kynningu á verkefnum.

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiði eiga nemendur að:

- Skilja og geta gert grein fyrir helstu grunnhugtökum aðferðafræðinnar
- Geta útskýrt muninn á eigindlegum og meginlegum rannsóknáðferðum og geta greint mun á ólíkum rannsóknarsniðum.
- Tileinka sér fagleg vinnubrögð við val og mat á heimildum og öðlast þjálfun í heimildaleit og notkun gagnagrunna.
- Þjálfast í lestri fræðigreina og greiningu heimilda.
- Geta kynnt viðfangsefni sín á hnitmiðaðan og árangursríkan hátt.
- Vera færir um að skrifa stutta fræðiritgerð.
- Geta gert rannsóknaráætlun, rökstutt val sitt á rannsóknaraðferð og vísað til og skráð heimildir samkvæmt APA kerfinu.

Upplýsingatækni

Önn: Hausti 1. ár – 4 ECTS

Námslína: Allar námslínur í grunnnámi

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Jón Freyr Jóhannsson, aðjúnkt

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Þessu námskeiði er ætlað að auka nemendum færni í notkun upplýsingatækni í námi og starfi. Megináherslan verður á að nota Microsoft Excel forrit til lausna á hagnýtum verkefnum á sviði stærðfræði, fjármála og reksturs auk almennrar gagnaveðhöndlunar. Auk efnis sem er tilgreint í

kennsluáætlun verða einnig kynnt ýmis hugtök og viðfangsefni á sviði upplýsingatækni.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- þekkja til og geta útskýrt nokkur helstu hugtök og viðfangsefni á sviði upplýsingatækni.
- Þekkja og greina á milli algengra lausnaraðferða þar sem töflureiknar eru notaðir.
- geta beitt helstu verkfærum töflureiknis (Excel) markvisst við fjölbreytt viðfangsefni tengd námi og starfi.
- geta búið til líkön í Excel.
- geta beitt Word við markvissa uppsetningu ritgerða og skilaverkefna þ.m.t. að geta búið til heimildaskrár með aðferðum Word.
- geta búið til PowerPoint kynningar.
- hafa tileinkað sér tímasparandi og hagnýtar aðferðir.

Framsækni og tjáning

Önn: Haust 1. ár – 2 ECTS

Námslína: Allar námslínur í grunnnámi

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Sigríður Arnardóttir, stundakennari

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefni

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Hugmyndin að þessu hagnýta námskeiði er sótt aftur til hins svokallaða Bifrastaranda, en áratugum saman hafa útskrifast frá Bifröst nemendur sem urðu og eru forystufólk í atvinnulífnum og félagsmálafrömuðir. Margir úr þessum hópi hafa nefnt að sú þjálfun sem þeir fengu á Bifröst, m.a. í ræðustól og í félagsstörfum hafi nýst þeim einstaklega vel. Ætlunin með þessu námskeiði er að vekja upp hinn gamla góða „Bifrastaranda“ sem svífur hér enn yfir vötnum. Við teljum að enginn skóli geti státað sig af eins miklu félagsstarfi í gegnum tíðina og Bifröst. Farið verður í gegnum eftirfarandi þætti í námskeiðinu:

1. Að tjá sig af öryggi
2. Að koma vel fram í ræðustóli
3. Örugget framkoma á fundum og fjölmiðlum – hvað einkennir þá bestu?
4. Að koma vöru og eða þjónustu á framfæri
5. Samskiptafærni
6. Örugget framkoma – upptökur og verkefni
7. Hvað vil ég sem nemandi gera
8. Tjáning

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- geta tjáð sig af öryggi
- geta nýtt sér fjölmiðla, ráðstefnur og aðra viðburði til að koma sér á framfæri
- hafa öðlast samskiptafærni
- að geta undirbúið starfsferil sinn

Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga

Önn: Haustönn 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði - Viðskiptafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennarar: Einar Svansson, Geirlaug Jóhannsdóttir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefna tímar
Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Farið verður yfir helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar í opinberum stofnunum. Meðal annars verður fjallað um starfsánægju, starfsmannaval, frammistöðumat, starfsmanaviðtöl og þjálfun starfsfólks. Sálfæðilegi samningurinn verður útskýrður og ýmis vandamál sem upp geta komið á vinnustað verða rædd. Fjallað verður um stefnumótun í starfsmannamálum, öflun nýrra starfsmanna, starfsþróun og starfsmat, viðbrögð við ófullnægjandi frammistöðu og brotum í starfi. Sérstök áhersla verður lögð á tengingu við leiðtogafræði og hlutverk leiðtogans í mannauðsstjórnun.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja muninn á stjórnanda og leiðtoga.
- Geta skilgreint árangursríka forystu.
- Þekkja og geta rætt helstu atriði mannauðsstjórnunar í opinberum stofnunum.
- Geta sett fram stefnu í starfsmannamálum þar sem tekið er mið af þörf fyrir mannafla, starfsþróun, öryggi og vellíðan starfsmanna.

Vera færir um að kynna starfsmannastefnu og útskýra hvernig hún verður leidd áfram innan tiltekinnar stofnunar eða einingar.

Samfélags-, menningar- og hugmyndagreining (60 einingar)

Menningarfræði

Önn: Vorönn, 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Miðlun og Almannaatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á íslensku og ensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefnavinna
Skuldunámskeið

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er sjónum beint að menningarpólískum hugmyndum og kenningum sem skipta máli til að öðlast skilning á mörgum þeirra krafta sem eru að verki í samfélagi samtímans. Beitt er þverfræðilegri nálgun í námskeiðinu og einblínt verður á hugsuði sem hafa stundað róttæka þjóðfélags- og menningarrýni og hafa velt fyrir sér sumum af helstu álitaeftum nútímans. Má þar nefna alþjóðavæðingu og stöðu lýðræðis og efnahagskerfis sem og hugtökum eins og valdi, forræði og stétt.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- þekkja helstu stefnur og strauma í menningarfræði.
- hafa öðlast innsýn í helstu viðfangsefni menningarfræði
- geta beitt greiningarlyklum menningarfræðinnar á mikilvægustu kraftana sem eru að verki í menningu og samfélagi.

Stjórn málaheimspeki

Önn: Vorönn, 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórn málahagfræði, Miðlun og Almannaatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á íslensku og ensku

Kennari: Páll Rafnar Þorsteinsson

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnavinna
Skuldunámskeið

Innihald og markmið

Stjórn málaumræða samtímans mótast að miklu leyti af kenningu bandaríska heimspekingsins John Rawls um réttlæti, en með henni má segja að vestrænt frjálslyndi hafi gengið í endurnýjun lífdaga. Í námskeiðinu er fjallað um kenningu Rawls, uppsprettur hennar, áhrif og andsvör við henni. Fjallað verður almennt um frjálshyggu og frjálslyndi, nytjastefnu, fjölmenningu, umræðu- og þáttökustjórn mála, femínisma o.fl. Rætt verður um nokkur knýjandi úrlausnarefni samtímans á borð við einstaklingsfrelsi, jöfnuð, sjálfsmýnd, umburðarlyndi og mismun.

Hæfniviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að búa yfir

- Staðgóðri þekkingu á helstu kenningum stjórn málaheimspekings samtímans.
- Færni til að takast á við pólitískar spurningar í ljósi kenninga.
- Skilningi á siðferðisvanda í stjórn mála, og hvernig hægt sé að taka á slíkum vanda.

Siðfræði

Önn: Haust 1.ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku. Náms efni á íslensku og ensku. Verkefni á íslensku.

Kennari: Gunnar Sigvaldason, aðjúnkt

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefni og umræður í litlum hópum.

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Námskeiðið veitir grunnþjálfun í nálgunaraðferðum heimspekilegrar siðfræði. Sjónum verður einkum beint að grundvallarkenningum vestrænnar siðfræði, og um leið sumum merkustu hugsuðum Vesturlanda. Þá er veitt innsýn í hvernig klassískar kenningar hugsuða á borð við Immanuel Kant og John Stuart Mill tengjast siðferðilegum álitamálum í samtímanum. Einnig verður litið á sumt af því sem efst er á baugi í siðfræði samtímans og hvernig kenningum siðfræðinnar er beitt til að finna lausn á brýnum vandamálum sem við eigum við að etja.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja, skilja og geta rætt helstu hugmyndir og kenningar í heimspekilegri siðfræði.
- Getu borið kennsl á siðferðileg álitamál og geta beitt kenningum siðfræðinnar á þau.
- Getu mótað sér rökstudda afstöðu til álitamála í siðfræði.
- Að hafa öðlast samræðufærni, geta tjáð sig á skýran og röklegan hátt og þjálfast í að meta skoðanir og hugmyndir annarra og sínar eigin á gagnrýnin hátt.

Hugmyndasaga

Önn: Vorönn 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Fjallað er um meginstrauma í heimspeki og stjórnmálum 19. og 20. aldar, samhengi þeirra rætt og áhrifasaga helstu verka og höfunda rakin. Lesnir eru kaflar úr verkum nokkurra helstu hugsuða tímabilsins og nemendur kynnast þeim kenningum og viðhorfum sem mest áhrif hafa haft á síðari tíma. Byrjað er á umfjöllun um upplýsingu og rómantík en hún gefur tóninn fyrir helstu viðfangsefni þeirra höfunda sem á eftir koma.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja og geta greint frá þróun hugmynda og kenninga á tímabilinu.
- Getu sýnt fram á skilning á áhrifasögu vestrænnar hugsunar síðustu 200 ár.
- Búa yfir færni til að greina uppruna og vensl kenninga.

Klassísk stjórnspeki

Önn: Vorönn, 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmálahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku eða ensku, námsefni á íslensku og ensku

Kennari: Páll Rafnar Þorsteinsson

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um helstu kenningar í stjórnmálaheimspeki fornaldar. Lesnir eru valdir kaflar úr verkum Platóns og Aristótelesar auk þess sem fjallað er um stjórnmálamenningu Forngríkkja og hugmyndir um stjórnmál sem birtast t.d. í grískum bókmenntum. Rætt er um viðhorf til lýðræðis, farsæld, dyggðir, frelsi og forsjarhyggju svo eitthvað sé nefnt.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Skilningur á helstu einkennum stjórnspeki fornaldar.
- Þekking á verkum lykilhöfunda Forngríkkja.
- Hæfni til að greina sérkenni hugmynda Forngríkkja um stjórnmál og setja þær í samhengi við samtíma stjórnmálaheimspeki.

Íslensk stjórnmál

Önn: Hausti 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmálahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almenn kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Fjallað er um ríkisvald og þróun nútímaríkja; lýðræði og stofnanir ríkisins; ólíka stjórnskipan og stjórnsýslu; stefnumótun, framkvæmd stefnu og regluveldi; stjórnmálahegðun, hagsmuni og hagsmunahópa; fjölmiðla og hlutverk þeirra; kosningar og kosningahegðun; stjórnmálaflökka, flokkakerfi og ólíka hugmyndafræði.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Búa yfir þekkingu og geta greint frá helstu einkennum íslenskra stjórnmála og stjórnkerfis.
- Búa yfir þekkingu á og geta beitt helstu grunnhugtökum og kenningum stjórnmálafræðinnar.
- Geta greint álitamál í íslenskum stjórnmálum með sjálfstæðum hætti.

Hagnýt rökfræði og gagnrýnin hugsun

Önn: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmálahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefni og vinnuhelgi
Skýldunámskeið

Innihald og markmið:

Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum meginhugtök og –aðferðir rökfræðinnar, bæði *afleiðslurökfræði* (deductive logic) og *tilleiðslurökfræði* (inductive logic). Þá verður einning kynnt stuttlega svokölluð *ákvarðanafræði* (decision theory). Markmiðið er að nemendur kunni þannig skil á “tungumáli” rökfræðinnar að þeir geti gert sér grein fyrir hlutverki rökfræðilegrar framsetningar í heimspekilegum skrifum, sér í lagi hvað varðar afleiðslurökfræði, og öðlist færni í gagnrýninni hugsun varðandi notkun tilleiðslurökfræði í félagsvísindum. Ekki er ætlast til þess að nemendur hafi fyrirfram neinn grunn í rökfræði eða stærðfræði, heldur ætti námskeiðið að vera gagnlegt öllum sem áhuga hafa á rökfræði og tengslum hennar við heimspeki og félagsvísindi.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Þekkja meginhugtök og aðferðir rökfræðinnar
- Skilja hlutverk rökfræðilegrar framsetningar í heimspekilegum skrifum
- Hafa færni til að beita gagnrýni hugsun varðandi notkun rökfræði í hug- og félagsvísindum

Vísindaheimspeki (Philosophy of Science)

Term: Autumn term, 2./3. year – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications, Revolution Studies - BBA in Business Administration

Prior requirements: It is expected that students have completed 60 ECTS

Language: English

Teacher: Ian Watson, assistant professor

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments

Aim and content:

Modern science has ancient roots, but its methodology was much influenced by the scientific revolutions of the 17th century. Among the questions the course asks and tries to answer are: What is science? What are the basic procedures of scientific reasoning? How do scientific theories change, especially theories that have long been accepted as fact? What are the similarities and differences between scientific theories, religious beliefs, and other kinds of “knowledge”? How do the social sciences differ from the natural sciences? The written work includes an analysis of a scientific debate or scientific revolution of each student’s choosing.

Learning outcomes:

- A grasp of the basic outlines of the history of science.
- The ability to identify scientific theories and their elements.
- The ability to perceive and analyze the historical contingency of scientific theories and develop a critical view of a given theory or debate.
- An understanding of the problems of social science as opposed to the natural sciences

Alþjóðastjórnsmál

Önn: Haust, 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnsmálhagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar og lesefni á ensku

Kennari: Magnús Árni Magnússon, dósent

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna
Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um sögu og uppbyggingu alþjóðakerfisins og miklvægustu viðfangsefni alþjóðastjórnmála. Helstu kenningum innan alþjóðasamskipta er beitt til að greina stöðu mála í alþjóðastjórnmálum á tímum hnattvæðingar og breyttra aðstæðna í kjölfar loka kalda stríðsins. Námskeiðið hefst á umfjöllun um tengsl alþjóðastjórnmála og hnattvæðingar, en síðan verður farið yfir sögu og uppbyggingu alþjóðakerfisins og helstu kenningar verða rifjaðar upp. Fjallað verður hlutverk hinna ólíku aðila sem eru gerendur í alþjóðastjórnmálum, bæði sjálfstæð ríki, alþjóðastofnanir, fjölþjóðleg fyrirtæki og frjáls félagasamtök. Í síðasta hluta námskeiðsins verður kastljósinu beint að einstökum málefnum, t.d. umhverfismálum, alþjóða viðskiptum og fátækt í þróunarríkjum, og skoðað hvernig þessi málefni tengjast alþjóðastjórnmálum. Staða Íslands, sem smáríkis, verður fléttað inn í fyrirlestra og umræður eins og við á.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa þekkingu á helstu viðfangsefnum alþjóðastjórnmála
- Hafa skilning á alþjóðakerfinu, ríkjandi valdakerfi og þeim breytingum sem átt hafa sér stað síðustu áratugi
- Hafa þróað með sér færni til að beita kenningum alþjóðasamskipta til að skilja og greina flókin málefni sem falla innan ramma alþjóðastjórnmála

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Önn: Vor, 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmálahagfræði, Miðlun og Almannatengsl, Byltingafræði - Viðskiptafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Auður H. Ingólfssdóttir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Námskeiðið fjallar um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (SÁF). Í fyrsta hluta verða lykilhugtök kynnt til leiks og farið yfir helstu áskoranir. Annar hluti fjallar sérstaklega um umhverfisþátt sjálfbærrar þróunar og hvernig umhverfismál tengjast samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja. Í þriðja og síðasta hluta verður rætt um aðra hliðar sem snúa að samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja, t.d. þætti sem tengjast mannauðsstjórnun, fjármálum og reikningskilum, markaðsstarfi og hlutverk leiðtogans. Í námskeiðinu verður lögð sérstök áhersla á að þjálfar nemendur í að geta beitt gagnrýnni hugsun til að takast á við siðferðisleg álitamál sem kunna að koma upp í tengslum við þá togstreitu sem getur skapast milli kröfunnar um arðsemi og áskoranna sem snúa að umhverfis- og samfélagsáhrifum fyrirtækja.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta útskýrt lykilhugtök sem tengjast sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og hafa þekkingu á helstu fræðilegu kenningum sem þessar hugmyndir byggja á.
- Geta greint og rætt um stefnumörkun fyrirtækja varðandi sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, og hafa skilning á hlutverki einkageirans í sjálfbærri þróun.
- Hafa færni til að beita gagnrýnni hugsun til að takast á við siðferðisklemmur sem kunna að koma upp í tengslum við sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð.

Friðar- og átakafræði

Önn: Vor 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Þetta námskeið er fyrir nemendur sem hafa áhuga á fræðilegum og hagnýtum spurningum sem tengjast friði, vandamálum tengdum átökum og ofbeldi, og hvernig hægt er að bregðast við. Námskeiðið skiptist í þrjá hluti. Í fyrsta hluti er rætt um breytt hlutverk og eðli átaka í heiminum eftir að Kalda stríðinu lauk. Í öðrum hluta vera orsakir átaka og helstu þættir til skoðunar: efnahagslegir og stjórnmálalegir þættir; mannöryggi, þjóðerni og þjóðernishyggi; hlutverk kyngervis, menningar og umhverfisbreytinga. Námskeiðið mun einnig fjalla um stjórnmálahagkerfi stríðsátaka, og hvernig stríðsherrar byggja upp pólitískt vald í veikburða ríkjum. Síðasti hluti námskeiðsins fjallar um friðarkenningar, mismunandi hugtök sem tengjast friði og hvernig hægt er að tryggja frið.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta skoðað orsakir átaka með gagnrýnum augum.
- Geta greint gögn sem snúa að átökum og alþjóðasamskiptum
- Geta kynnt flókið efni, þar sem fjölbreytilegar heimildir eru notaðar og fært rök fyrir máli sínu með skýrum hætti.
- Geta leitað upplýsinga til að fá dýpri skilning á fræðasviðum átaka- og friðarfræða.

Samanburðarstjórnmal

Önn: Vor 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám.

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Magnús Árni Magnússon, dósent

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Bundið val

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði eru borin saman stjórnkerfi ólíkra ríkja. Megináherslan er á Bretland, Bandaríkin, Þýskaland og Frakkland auk ríkja Norðurlanda. Fjallað er um muninn á flokkakerfum þessara ríkja auk þess sem mismunandi hefðir í stjórnmálum eru greindar.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- geta greint frá grunnkenningum vestrænnar stjórnmálahefðar.
- geta skilgreint muninn á mismunandi stjórnkerfum og stjórnarsýslu þeirra ríkja sem eru í forgrunni námskeiðsins.
- geta greint og útskýrt muninn á mismunandi stjórnkerfum með samanburðargreiningu.

Efnahagssamruni Evrópu

Önn: Haust 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannatengsl

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Eiríkur Bergmann, prófessor

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er efnahags- og stjórnmálasamstarf Evrópuþjóða tekið til skoðunar. Fjallað er um sögulega þróun samstarfsins og helstu stefnumál Evrópusambandsins, svo sem tollabandalagið, innri markaðinn og tilkomu Efnahags- og myntbandalags Evrópu. Þá er rætt um stofnanalega uppbyggingu ESB og það reglugerðaverk sem samstarfið hvílir á. Þá er aðkoma Íslands að efnahagssamvinnu Evrópu greind í gegnum EFTA-samstarfið og EES-samninginn auk þess sem fjallað verður um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Skilja sögu Evrópusamstarfs eftir seinna stríð.
- Skilja og geta rætt helstu einkenni, stofnanir og stefnumál Evrópusambandsins.
- Þekkja þátttöku Íslands í Evrópusamvinnu, svo sem hvað varðar EFTA og EES.

Vald og vélabrögð

Önn: Sumar 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefni og vinnuhelgi

Innihald og markmið:

Hugmyndir um stefnumótun, leiðtoga, farsæla stjórnendur og einkenni fólks í valdastöðum taka gjarna mið af tíðaranda. Nú til dags er til dæmis vinsælt að líta svo á að forystufólk sé vant að meðulum sínum og hafi hagsmuni samstarfsfólks að leiðarljósi frekar en það hugsi fyrst og fremst um að ná og halda völdum. Því er ekki vinsælt að tala á jákvæðan hátt um refskað eða kænskubrögð í valdabrölti samtímans. Á sama tíma má líta svo á að allt samfélag sé áttakasvæði, allt skipulag grundvallað á hagsmunabaráttu, og þar virðast þeir sem eru slægir ná sínu fram. Í þessari málstofu skoðum við strategíuhugtakið út frá nokkrum ólíkum hliðum og rannsökum nokkrar sígildar aðferðir til þess að auka vald sitt í átökum.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- þekkja aðferðir sem beitt hefur verið til að sölsa undir sig völd.
- þekkja til stefnumótunar í valdabaráttu.
- þekkja helstu kenningar félags- og hugvísinda um vald og áhrif.

Framtíðarfræði

Önn: Sumarönn, 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Byltingafræði, Miðlun og boðskipti

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á íslensku og ensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið

Líkleg framtíð, mögulegar framtíðir og ákjósanleg framtíð eru allt viðfangsefni framtíðarfræða en í þessu námskeiði öðlast nemendur innsýn í aðferðir og kenningagrunn þeirra. Spár byggðar á leitnigreiningu, Dephi athuganir og sviðmyndagerð eru settar í samhengi við aðra aðferðir en áhersla er lögð á að skoða hvernig aðgerðir okkar í dag hafa áhrif á framtíðina.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- þekkja þau tæki sem notuð eru til að spá fyrir um framtíðina.
- geta nýtt spátæki félagsvísinda til að búa til sviðsmyndir á ýmsum sviðum samfélagsins.
- hafa öðlast innsýn í stöðu samtímans í samhengi fortíðar og framtíðar.
- Vita að ekki er hægt að spá fyrir um framtíðina.

Kynjafræði (Gender Studies)

Term: Summer term – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications and Revolution Studies

Prior requirements: It is expected that students have completed 60 ECTS

Language: English

Teacher: Björg Hjartardóttir

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments

Aim and content:

Introduction to the methodologies and subject matter of gender studies. Our focus will be on the analysis and discussion of concepts and phenomena necessary for understanding how gender shapes the social status of people in different parts of the world and ways to fight gender oppression. Topics include: sex and gender, nature, liberty, oppression, autonomy, gendering, gender mainstreaming, ideology, and equality.

Learning outcomes: After the course:

- Students can explain key theoretical concepts of gender studies
- Students show awareness of the variability of the way gender divisions manifest themselves in different parts of the world
- Students are able to analyze international affairs through the lens of gender

Stjórnmalahugmyndir og hugmyndakerfi

Önn: Vorönn; 2./3. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECST (gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið námskeiðum í siðfræði og stjórnmalahagspeki).

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefni og vinnuhelgi

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um kenningar á sviði stjórnmalahagspeki sem komið hafa fram eða orðið áberandi eftir lok Kalda stríðsins. Rætt verður um þróun lýðræðis í átt að þátttöku-, samræðu- og rökræðulýðræði, kenningar um þegnréttindi (citizenship), fjölmenningu, veraldarhyggju og jaðarhópa. Þessi umræða er skoðuð í samhengi við ríkandi hugmyndakerfi 20. aldar, einkum frjálshyggju/frjálslýndi og kommúnisma. Spurt verður hvort samtímaumræða um stjórnmal sé enn bundin á klafa hugmyndakerfanna eða hvort þær stjórnmalahugmyndir sem nú eru efst á baugi ráði við pólitísk vandamál samtímans, svo sem ofsafátækt, trúarofstæki, umhverfismál o.fl.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa þekkingu á helstu kenningum á sviði stjórnmalahagspeki frá tímum Kalda stríðisins
- Skilja lykilhugtök sem lýsa mismunandi hugmyndakerfum
- Geta beitt hugtökum stjórnmalahagspekkinnar til að greina umræðu um þau málefni sem eru efst á baugi í stjórnmalum samtímans.

Loftslagsbreytingar og alþjóðastjórnmal (Climate Change and International Politics)

Term: Summer term – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications

Prior requirements: 60 ECTS

Language: English

Teacher: NN

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments

Aim and content:

Climate change is increasingly being viewed as a threat to international security. Yet, leaders of the world have failed to reach an effective agreement on how to collectively address this challenge. This course will explore the complex political issues of climate change and how this topic is becoming one of the top priority issues on the international agenda. International negotiations as well as climate policies of selected states will be discussed. Emphasis will be placed on the complicated links between geopolitical concerns and challenges at the local level, the role non-state actors play in contributing to the problem and providing solutions, and how the issue of global climate change interacts with other international issues such as security, economic development and human rights.

Learning outcomes:

After the course students should

- Have acquired knowledge on how global climate change is influencing international politics.
- Be able to understand the dynamics in international climate negotiations and the underlying interests of the various players involved.
- Have gained skills to analyze complex issues related to climate change policies and negotiations at the international level.

Trúarbrögð og stjórnmál (Religion and Politics)

Term: Summer term – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications

Prior requirements: 60 ECTS.

Language: English

Teacher: NN

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments

Aim and content:

This course will examine the role of religion and culture in international politics. It will focus on the approaches of the international relations discipline to religion and culture and the impact of religion on modern conflicts. The course will examine the role of Islam as an explanatory factor for policies of Muslim-majority states versus other explanatory variables, such as oil export. The course will analyze a number of case studies: Middle East, Iran, Caspian region, Turkey, and Afghanistan. The course will be especially of interest to students focusing on international relations, Middle East studies and the region of the former Soviet Union. In addition, the course will aim to develop academic writing skills.

Learning outcomes:

After the course, students should:

- Be able to understand and discuss approaches of international relations theory to culture and religion in international relations
- Be able to identify and explain main trends in politics and culture in a number of regions and states in the world, including the Middle East, Caucasus, Central Asia, Iran and Turkey
- Demonstrate critical thinking on the influence of material versus non-material factors on international politics.
- Use social science methodology to examine issues related to culture and religion in international relations
- Be able to identify quality academic resources on the theoretical topic and on regions and countries.

Norðurslóðir (Arctic Politics)

Semester: Fall term, 2nd year – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications

Prior Requirements: 60 ECTS

Language: English

Teacher: Auður H. Ingólfssdóttir, Assistant Professor

Teaching Methods: Lectures, discussions & exercises.

Aim and content:

The course will focus on Arctic politics and how both globalization and climate change are transforming the geopolitical status of the region and influencing the positions of the Arctic states within the international political economy. Will the future of the Arctic be colored by a resources race, accompanied with interstate tensions, or will the Arctic states cooperate peacefully on the sustainable development of the region? Topics covered will include a discussion of Arctic related international institutions, Arctic policies of states in the region and the role of local communities, including indigenous populations. A special focus will be on how the changing position of the region is creating both threats and opportunities for the Arctic states.

Learning outcomes:

Students should:

- be able to explain key political, economic and social issues related to the Arctic.
- be able to analyse and discuss the interaction between globalization, climate change and the political and economic developments in the Arctic region.
- have skills to use their knowledge on Arctic politics to analyze how the changing position of the region in geopolitics and international business creates threats and opportunities for individual Arctic states.

Mannréttindi og alþjóðastjórnsmál

Önn: Vor 2./3. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnsmálhagfræði, Miðlun og Almannaengsl

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Fjallað um helstu kenningar um mannréttindi, uppruna mannréttindahugtaksins, og hvernig hugmyndir um mannréttindi hafa áhrif á alþjóðasamskipti og umræðu á alþjóðavettvangi. Farið verður yfir helstu alþjóðasamninga á sviði mannréttinda, s.s. mannréttindayfirlýsingu S.þ., samning um stjórnsmálaleg og borgaraleg réttindi, samning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og samning um afnám mismununar gegn konum. Fjallað verður um alþjóðastofnanir sem hafa eftirlit með framkvæmd samninga, rætt um ábyrgð einstakra ríkja og áhrif frjálsra félagasamtaka.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að

- Þekkja helstu alþjóðasamninga um mannréttindi
- Hafa skilning á hvað mannréttindi fela í sér
- Geta greint hvernig mannréttindi tengjast hinum ýmsu málefnum innan alþjóðastjórnsmála

Bandarísk stjórnsmál

Önn: Hausti, 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnsmálhagfræði, Miðlun og Almannaengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Magnús Sveinn Helgason

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um uppruna og sögulega þróun bandarískra stjórnsmála; stjórnarskrá og formlega stjórnskipan; tengsl alríkisins og einstakra ríkja; bandarískt forsetaræði og stöðu þingsins; stjórnsmálaflokka og kosningar. Sérstök áhersla verður lögð á nokkur helstu deilumál stjórnsmálanna undanfarin ár og áratugi og ólíkar birtingarmyndir þeirra: Markmiðið er að gera bandaríska stjórnsmálaumræðu aðgengilega nemendum, gera þeim kleift að greina bandarísk stjórnsmálaátök, inntak þeirra og sögulega þýðingu og að mynda sér sjálfstæða og gagnrýna skoðun á bandarískum stjórnsmálum og þar með á bandarísku samfélagi og stöðu bandaríkjanna í heiminum.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- þekkja helstu einkenni stjórnskipunar Bandaríkjanna.
- þekkja sögulega þróun og helstu einkenni bandarískra stjórn mála og samfélags.
- skilja og þekkja helstu átakamál bandarískra stjórn mála í dag og í sögulegu samhengi.
- geta með sjálfstæðum hætti fjallað um bandarísk stjórn mála í nútíð og fortíð.

Miðlun og markaður (60 einingar)

Boðskipta- og fjölmiðlafræði

Önn: Haustönn 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun og Almennatengsl, HHS, Stjórnmalahagfræði, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennarar: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnatímar

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Námskeiðið er grundvallarnámskeið í námslínunni en meginviðfangsefnið eru helstu fræðilegar hugmyndir og kenningar í boðskipta- og fjölmiðlafræðum. Fjallað verður um hlutverk fjölmiðla í upplýsingasamfélaginu og hvernig þeir starfa innan þess. Skoðaðar verða undirstöðukenningar um ólíkar tegundir fjölmiðla sem og mismunandi eignarhald þeirra. Að sama skapi verður fjallað um greiningarlykla sem gera okkur kleift að skilja og leggja dóm á störf fjölmiðlafólks og þær hættur sem það glímir við.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa þekkingu og skilning á helstu kenningum í boðskipta- og fjölmiðlafræðum.
- geta lagt gagnrýnið mat á þessar kenningar.
- hafa öðlast innsýn í meginhlutverk fjölmiðla í lýðræðisríkjum samtímans.
- geta gert grein fyrir starfi fjölmiðlafólks út frá hugmyndum um sanngirni og óhlutdrægni.

Fjölmiðlafærni

Önn: Vorönn 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði, HHS

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennarar: Sigríður Arnardóttir, stundakennari

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnatímar

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Að geta átt skýr og skiljanleg samskipti og að geta komið frá sér hugmyndum, skoðunum og stefnu fyrirtækja og stofnana er afar þýðingarmikið í atvinnulífinu. Í þessu hagnýta námskeiði læra nemendur undirstöðuatriði þess að koma fram í fjölmiðlum og veita upplýsingar á sem árangursríkan hátt. Þeir þjálfast í að koma fram og tjá sig af öryggi við margvíslegar aðstæður. Nemendur fá þjálfun í að tjá sig munnlega, þeir fá þjálfun í raddbeitingu, framsögn og framkomu og þeir fá raunhæf verkefni þar sem þeir þjálfast m.a. í að halda blaðamannafundi og að veita viðtöl í fjölmiðlum.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa þekkingu á mikilvægustu þáttum góðra samskipta við fjölmiðla.
- hafa skilning á aðstæðum þegar veita á upplýsingar um tiltekið efni.
- kunna að bera kennsl á einkenni góðrar fjölmiðlafærni og að kunna að beita henni.
- geta komið fram, tjáð sig og miðlað upplýsingum við margvíslegar aðstæður á greinargóðan hátt.

Almannatengsl og krísustjórnun

Önn: Haustönn 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun og Almannatengsl, Byltingafræði, HHS

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennarar: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnatímar

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um undirstöðuhugmyndir um miðlun upplýsinga, almannatengsl og áfallastjórnun. Lögð er áhersla á bæði fræði og framkvæmd og fjallað verður um undirstöðuatriði notendagreiningar, samskiptaáætlanagerðar og mismunandi miðlunarleiðir fyrir ólíka markhópa sem og almenn samskipti við fjölmiðla. Sérstaklega verður skoðað hvernig bregðast á við þegar áföll dynja á eða flóknar aðstæður koma upp. Í námskeiðinu bæta nemendur bæði við fræðilega þekkingu sína en efla einnig færni og getu til að miðla upplýsingum með mismunandi aðferðum á árangursríkan hátt.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu kenningum í upplýsingamiðlun og almannatengslum sem og áfallastjórnun.
- geta heimfært fræðilega kunnáttu á raunverulegar aðstæður.
- geta sett fram markvissar samskiptaáætlanir fyrir mismunandi stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök.
- geta greint á milli ólíkra tegunda miðlunarleiða sem og margvíslegra aðstæðna fyrir upplýsingamiðlun.
- kunna skil á árangursríkri framsetningu og upplýsingamiðlun.

Boðmiðlun og birtingarfræði

Önn: Sumarönn, 6 ECTS

Námslína: Miðlun og Almannatengsl, Byltingafræði - Viðskiptafræði

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Kennsluaðferðir: Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og byggja á hefð Bifrastar um verkefnadrifið nám. Fyrirlestrum og leiðsögn kennara er miðlað beint til nemenda á staðnum eða með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans. Nánari lýsing í kennsluáætlun.

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Tilgangur námskeiðsins er að nemendur fái skilning á hvernig helstu hugtök markaðsfræðinnar eru notuð í samskiptum markaðsfólks, þ.e. markaðstjóra, markaðsdeilda, auglýsinga- og birtingastofa. Farið er yfir grunnhugsun í markaðsfærslu, hvernig markmið fyrirtækja hverju sinni eru skilgreind, nauðsynlegar rannsóknir gerðar, hvernig skilaboð markaðsefnis er þróað og unnið og hvernig birtingar markaðsefnis eru ákveðnar út frá markmiðum og markhópum hverju sinni.

Hæfniviðmið:

Markmiðið er að í lok námskeiðs hafi nemendur öðlast skilning á hvaða undirbúningur er nauðsynlegur til að boðmiðlun til markhóps náí sínu markmiði hverju sinni. Nemendur eiga að hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu hugtökum og vinnubrögðm við gerð birtingaáætlana og geta notað þau í raunverulegum verkefnum.

Intercultural communication

Önn: Haustönn 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði - Viðskiptafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Erla Sólveig Kristjánsdóttir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Bundið val

Innihald og markmið:

Kynning á menningarläsi (e. intercultural communication) og af hverju það er ein af forsendum árangurs í alþjóðaviðskiptum. Farið yfir hvernig aðrir sjá okkur og meta okkar viðskiptahætti. Hvernig við (Íslendingar) hugsum og högum okkur. Praktísk notkun menningarlæsis í ákvörðunartöku, samningaviðræðum, kynningum, persónulegum samskiptum, osfrv. Unnið með einföld en skilvirk tæki og töl til að greina menningarmun og láta hann vinna með sér í stað þess að vera hindrun.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa góðan skilning á mikilvægi menningarlæsis í alþjóðaviðskiptum. Þeir munu hafa grunnþekkingu í menningarläsi og búa þar með yfir auknum samskiptahæfileikum við fólk frá öðrum löndum sem eru forsenda árangurs í alþjóðaviðskiptum. Nemendur verða hæfari í að meta samskiptamunstur erlendra viðskipta- og samstarfsaðila og hafa öðlast þekkingu á því hvernig sjá þá sjálfa og við hverju þeir búast af þeim. Þeir munu ráða yfir einföldu og skilvirku greiningartæki sem gerir þeim kleift að sjá fyrir, greina og leysa vandamál sem koma upp vegna ólíkra samskiptahátta í alþjóðaviðskiptum.

Skapandi skrif og sala hugmynda

Önn: Haustönn 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun og Almennatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði eru þjálfaðar aðferðir við að setja fram hugmyndir og skoðað hvernig hægt að að gera þær að veruleika. Farið er í hugmyndavinnu auk framleiðslu og miðlun texta, þannig að nemendur séu meðvitaðir um sköpunarferlið bæði sem sem rannsókn á viðfangsefni og eigin vinnubrögðum.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- hafa hlotið þjálfun í að setja fram hugmyndir og vita hvernig þær eru gerðar að veruleika.
- þekkja grundvallaratriði í skapandi skrifum.
- hafa tekist á við skapandi skrif og að selja hugmyndir

Byltingafræði II: Massamiðlun

Önn: Vorönn 1. ár – 6 ECTS

Námslína: Byltingafræði – Miðlun og boðskipti

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Skyldunámskeið

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði læra nemendur um helstu leiðir til þess að vekja fjöldahreyfingar, breyta almenningsáliti og virkja fólk. Farið er í mikilvæg atriði er varða fjölmiðla, samskiptatæki og samfélagsmiðla og nýlegar byltingartilraunir greindar í ljósi kenninga um samskiptalíkon. Nemendur gera tilraun til valdaráns.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- þekkja hvernig samskiptatækni er notuð til að móta og hvetja til byltinga.
- hafa öðlast innsýn í möguleika tækninnar til að bylta samfélaginu.
- geta beitt samskiptatækni til að bylta hlutum og hugmyndum.

Fjölmiðlar, siðferði og lög

Önn: Vorönn 2. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun og almannatengsl

Forkröfur: Almennar forkröfur í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar og lesefni á íslensku

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um lagaumgjörð fjölmiðla sem og siðferðileg álitamál sem snúa að miðlun. Meðal viðfangsefna eru upplýsingalög, meiðyrðalög, tjáningarfelsi o.s.frv. Áhersla er lögð á að skýra samfélagslegt hlutverk fjölmiðla, siðferðilegar skyldur fjölmiðlafólks og réttindi almennings. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi lögfræðiþekkingu en námskeiðið er jafnan í sameigilegri umsjá sérfræðings í lögum og siðfræði.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa tileinkað sér greinargóða þekkingu á lagaumgjörð fjölmiðla.
- Hafa skilning á helstu siðferðilegu álitamálum er snúa að fjölmiðlun.
- Færni til þess að greina og skýra lagaleg og siðferðileg álitamál sem snúa að fjölmiðlun.

Nýmiðlar og áhrif

Önn: 2./3. ár – 6 ECTS

Námslína: Miðlun & Boðskipti, Byltingafræði

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna
Val

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er lögð áhersla á að nýta tækni mynd- og hljóðmiðla til áhrifa. Markmiðið með vinnustofunni er að nemendur þjálfist í vinnu við vinnslu og framsetningu verkefnis á sama tíma og grunnatriði verkefnaskipulags eru æfð. Nemendur vinna í hópum að eigin hugmynd sem sett er fram sem myndskreið á stafrænu formi.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- hafa hlotið þjálfun í að nýta tækni mynd- og hljóðmiðla til áhrifa.
- þekkja grunnatriði verkefnaskipulags.
- hafa unnið að eigin hugmynd að myndskreiði á stafrænu formi.

Hnattvæðing og fjármálastofnanir

Önn: Vor 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Magnús Sveinn Helgason, stundakennari

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna
Bundið val

Innihald og markmið:

Námskeiðið er kynning á hnattvæðingu efnahags- og fjármálakerfisins frá 19. öld. Lögð verður áhersla á fjármálakrísur; eðli þeirra og uppruna. Einnig verður fjallað um hlutverk hins alþjóðlega peninga- og fjármálakerfis við að hvetja til aukinna viðskipta, meiri vaxtar og hnattvæðingar. Námskeiðið tengir saman sögulegar og hagfræðilegar greiningar til að skýra þau öfl sem hafa mótað hagkerfi nútímans og til að greina ferlið sem hefur leitt til hnattvæðingar fjármáلامarkaða. Nálgunin er bæði sagnfræðileg og hagnýt, með áherslu á hvernig hagkerfi heimsins og fjármáلامarkaðir hafa í raun og veru þróast, frekar en fræðileg umfjöllun um hvernig þróunin hefði átt að vera. Fjallað verður um hvernig heimshagkerfið varð til, hvernig það hefur þróast frá því á 19. öld og hvaða stofnanir hafa viðhaldið kerfinu og mótað það. Þróun fjármáلامarkaða, stofnanir og nýsköpun verður til umræðu, sem og hnattrænar fjármálakrísur. Sérstaklega verður skoðað hvernig þau öfl sem hafa mótað kerfið birtust á Íslandi, í aðdraganda hruns fjármálakerfisins árið 2008.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa þekkingu á mikilvægum hagfræðikenningum, hugtökum og röksemdarfærslu um viðfangsefni eins og efnahagsþróðun og iðnvæðing, alþjóðaviðskipti, hlutverk fjármálastofnanna og markaða og kenninga um fjármálakrísur.
- Hafa góðan skilning á þróun fjármálastofnanna og hins alþjóðlega hagkerfis.
- Geta útskýrt eðli og uppruna hagkerfis tuttugustu aldarinnar.
- Geta útskýrt eðli og helstu einkenni á fjármálakrísum, þar með talið íslenska dæminu.

Tölfræði

Önn: Vor 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS – Viðskiptafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Kári Joensen, lektor

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Valnámskeið

Innihald og markmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist undirstöðuatriðum líkindareiknings og tölfræði og séu færir um að beita tölfræðilegum aðferðum við mat á valkostum og túlkun rannsóknargagna. Fjallað er um söfnun gagna með ólíkum úrtaksaðferðum og gerð grein fyrir nokkrum algengum skekkjuvöldum sem fylgja slíkum könnunum. Farið er yfir framkvæmd tilgátuprófa fyrir meðaltal og hlutfallsstærðir og mat á öryggisbili fyrir slíkar stærðir. Að lokum er fjallað um notkun línulegrar aðhvarfsgreiningar við gerð einfaldra spálíkana.

Hæfniviðmið:

- Nemendur eiga að þekkja algengustu gerðir lýsitalna og skilja ólíkra eiginleika þeirra
- Nemendur eiga að þekkja frumsendur líkindafræðinnar
- Nemendur eiga að skilja forsendur tilgátuprófa og stikamats
- Nemendur eiga að þekkja forsendur línulegrar aðhvarfsgreiningar
- Nemendur skulu geta sett fram upplýsingar byggðar á mæligögnum á skýran og lýsandi hátt
- Nemendur eiga að geta lagt mat á áreiðanleiki kannanna og geta tilgreint þá skekkjuvalda sem algengt er að hafi áhrif á hefðbundnar spurningakannanir
- Nemendur skulu geta tilgreint öryggisbil fyrir meðaltöl og hlutfallsstærðir
- Nemendur eiga að geta sett fram og framkvæmt tölfræðileg tilgátupróf
- Nemendur skulu vera færir um að beita tölfræðilegum aðferðum við mat á valkostum og við ákvarðanatöku
- Nemendur skulu geta mátað einfalt og margvitt línulegt aðhvarfslíkan við gögn, geta metið gæði líkansins og sett fram spágildi með skekkjumati

Rekstrarhagfræði

Önn: Hausti 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannatengsl – Viðskiptafræði – Viðskiptalögfræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennarar: Guðmundur Ólafsson, lektor og Árni Sverrir Hafsteinsson, stundakennari

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnatímar

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um meginþætti rekstrarhagfræðinnar, gerð grein fyrir stöðu hennar innan vísinda, umgjörð fyrirtækja, framboði og eftirspurn, teygni, markaði og áhrifum stjórnvalda. Fjallað er um áhrif viðskipta á einstaklinga og fyrirtæki við skattlagningu og í alþjóðaviðskiptum. Lýst er ytri áhrifum, almannagæðum og sameiginlegum auðlindum. Fjallað er um framleiðsluföll og kostnaðarföll. Gerð er grein fyrir hegðun neytenda. Farið er yfir mismunandi markaðsform, þ.e. fullkomna samkeppni, einkasölu, fákeppni og einkasölusamkeppni, lýst er mismun þeirra og sérstöðu. Gerð er grein fyrir grunnatriðum við áhættu- og óvissuáðstæður og ósamhverfar

upplýsingar. Gerð er grein fyrir mörkuðum fyrir framleiðsluþætti, launum, launamun, tekjudreifingu og fátækt.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa góða þekkingu á grunnatriðum rekstrarhagfræðinnar.
- Kunna skil á helstu hugtökum rekstrarhagfræði og notkun þeirra í efnahagslífinu.
- Hafa heildstæða mynd af rekstrarhagfræði sem nær yfir rekstur fyrirtækja, hegðun neytenda á markaði og helstu áhrifaþætti.
- Kunna skil á alþjóðaviðskiptum, ýmsum áhrifum stjórnvalda, meginþáttum fyrirtækjareksturs og helstu markaðsformum.
- Hafa kynnst með verkefnum og dæmum hvernig nota má fræðin í rekstri fyrirtækja.

Þjóðhagfræði

Önn: Vor 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannaatengsl og Viðskiptafræði

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í grunnnáam

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: Guðmundur Ólafsson, lektor

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Bundið val

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu verður farið yfir helstu kenningar, aðferðir og viðfangsefni þjóðhagfræðinnar. Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum innsýn í megin viðfangsefni þjóðhagfræðinnar og þær aðferðir, kenningar og hugtök sem fræðin byggja á. Áhersla verður einnig lögð á hagnýtt gildi námsefnisins með því að samtvinna fræðin jafnóðum efnahagssumræðunni hérlandis sem og erlendis. Á efnisskrá er m.a. eftirfarandi: Vísitölur og þjóðhagsreikningar; hagkerfið til skamms tíma: framleiðsla og eftirspurn, hagsveiflur og áhrif fjármála- og peningamálafestefnu: hagkerfið til meðal- og langs tíma: hagnýting og heildarframboð, verðbólga og væntingar, fjármála og vinnumarkaðir; hagfræði opinna hagkerfa: gengismál og viðskiptajöfnuður, fjármálakreppur og hagkvæm myntsvæði.

Hæfniviðmið:

- Nemendur eiga að þekkja grunnhugtök þjóðhagfræðinnar og geta gert grein fyrir helstu aðferðum og gögnum þjóðhagfræði
- Nemendur eiga að skilja helstu hreyfiöfl efnahagslífsins og þekkja meginmarkmið peninga- og fjármálastefnu opinna hagkerfa
- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt gildi aðferða þjóðhagfræðinnar
- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í beitingu aðferða þjóðhagfræði
- Nemendur eiga að búa yfir færni í vali á þjóðhagfræðilegum aðferðum og rökstutt val sitt
- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í að tileinka sér tungumál hagfræðinnar til kynningar og framsetningar

Alþjóðahagfræði

Önn: Haust 2. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannaatengsl

Forkröfur: Rekstrar- og þjóðhagfræði

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Viðfangsefni námskeiðsins er hagfræði í alþjóðlegu samhengi og er skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallar um alþjóðleg viðskipti og viðskiptakjör sem og stefnu stjórnvalda í alþjóðaviðskiptum og alþjóðasamstarf. Seinni hlutinn einblínir á alþjóðlega fjármagnsstrauma og gjaldeyrismál. Fjallað er um hagstjórn við fljótandi gengi og áhrif gengisbreytinga. Einnig er skoðuð fastgengisstefna þjóða og í framhaldinu fjallað um hið hagkvæma myntsvæði og myntbandalög.

Hæfniviðmið:

- Þekkja helstu kenningar og drifkrafta í alþjóðlegum viðskiptaheimi.
- Geta greint helstu orsakir og afleiðingar alþjóðavæðingar.
- Öðlast skilning á ólíkum stefnum í alþjóðaviðskiptum og tengsl þeirra við lífskjör.
- Öðlast færni til að setja fram og beita einföldum líkönum alþjóðahagfræðinnar.

Leikjafræði (Game Theory)

Term: Spring term, 2. year – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications, Revolution Studies

Prior requirements: It is expected that students have completed 60 ECTS

Language: English

Teacher: Pálmar Þorsteinsson, sérfæðingur við Rannsóknasetur verslunarinnar

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments.

Aim and content:

This course will introduce you to the basic concepts of game theory and its applications across all the social science disciplines, including economics, political science, business, studies, and sociology. You'll also see how game theory fits into the larger context of using simulations and agent-based models to understand behavior in society. We focus on using game theory concepts to understand real life social phenomena, rather than deriving or proving theorems; however, you will need to use a lot of basic mathematics. At the end of the course, you should have a good foundation for taking a more mathematically rigorous game theory course at the master's or doctoral level.

Learning outcomes:

- Students will understand the basic analytical concepts used in game theory, such as players, strategies, outcomes, payoffs, and equilibrium.
- Students will be familiar with common types of games, such as the prisoner's dilemma and games of coordination.
- Students will be able to use these concepts in analyzing real world situations.

Réttarhagfræði

Önn: Haust 2./3. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannaatengsl

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um réttarhagfræði (*Law and Economics*) sem er sérgrein sem tengist lögfræði og hagfræði. Í upphafi er stuttlega rætt um helstu atriði rekstrarhagfræði (*Microeconomics*), laga og lagastofnana. Fjallað er um hagfræði eignarréttar, hagfræði skaðabótaréttar, hagfræði samningsréttar og hagfræði refsiréttar. Verkefni eru unnin tengdum

einstökum þáttum námskeiðsins. Rætt er um hvernig lögmál og sjónarmið hagfræði tengjast löggjöf og álitamálum á sviði lögfræði. Jafnframt er fjallað um stofnanir innan efnahagslífsins og hvaða áhrif lög og reglur hafa á hagkvæmar og skilvirkar niðurstöður á einstökum sviðum atvinnulífsins.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Kunna skil á sambandi lögfræði og hagfræði.
- Geta beitt hagfræðilegu sjónarhorni til skýringar á lögfræðilegum álitaefnum.
- Vera færir að beita kenningum í réttarhagfræði í fræðilegu samhengi og í daglegu starfi.
- Skilja og geta unnið með upplýsingar sem tengjast hagrænni og lögfræðilegri sýn á stofnanir efnahagslífsins.
- Hafa kynnst með verkefnum og dæmum hvernig nota má fræðin við raunverulegar aðstæður.

Þróunarhagfræði (Development Economics)

Term and length: Summer term – 6 ECTS

Program: PPE, Political Economy, Media and Communication, Revolution Studies

Prior requirements: 60 ECTS

Language: English

Teacher: NN

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments

Aim and content:

The goal of the course is to introduce the main issues of development economics. What affects economic growth, inequality, and poverty? Why do some countries achieve high levels of economic development and others do not? What are the policies governments can implement to change the growth path of their countries? The course uses economic analysis to examine a number of key issues such as education, health, population structure, labour force and localization policies, poverty alleviation, the role of women in development, the role of private sector in development, and the impact of natural resources production on development.

Learning outcomes:

- Students will master the basic development economic theories and learn how to apply them to real situations.
- Students will know the major components of the economic development system and their interrelationships.
- Students will gain an understanding of the applications of micro- and macro-economic principles to analyzing economic problems and issues.

Stofnanahagfræði (Institutional Economics)

Term: Summer term – 6 ECTS

Program: BA in PPE, Political Economy, Media and Communications

Prior requirements: 60 ECTS

Language: English

Teacher: NN

Teaching methods: Lectures, section meetings, discussions and assignments

Aim and content:

„Why are some countries rich and other countries poor and what is the appropriate role of the state?“ These questions have occupied the economic field since its birth. The most popular

interpretation of the different performance across countries has built on the traditional tools of the orthodox approach (neoclassical model) which nevertheless have not proven successful on giving complete answers. This course will introduce a changed approach to the same question but rather than applying the standard neo-classical tool box – micro-, macro-, and welfare economics- will use /introduce the tools of New Institutional Economics which explains the differential abilities of different countries by their differences in economic and political institutions. Throughout the semester we will thus construct the analytical framework employed by new institutional economists by relaxing the traditional behavioral and informational assumptions of neoclassical economics. Topics to be covered will include the importance of property right and transaction cost economics, Coase and the nature of the firm, moral hazard and agency and the property right approach. We will read some of the literature that specializes in testing the explanatory power of this framework.

Learning outcomes: After the course, students should:

- Be able to explain key concepts and ideas related to NIE and become familiar with theoretical underpinnings of those ideas;
- Be able to understand key arguments for why institutions such as transaction costs and property rights matter for economic development;
- Be able to analyze, reflect upon and writing about various economic issues/dilemmas related to allocation of scarce resources.

Umhverfis- og auðlindahagfræði

Önn: sumar 1. ár – 6 ECTS

Námslína: HHS, Stjórnmalahagfræði, Miðlun og Almannaatengsl, Byltingafræði

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku og lesefni á ensku og íslensku

Kennari: N.N.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnatímar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Námskeiðið fjallar um grunnatriði í auðlinda- og umhverfishagfræði. Rætt verður um samspil hagkerfis og umhverfis, efnahagslegt gildi umhverfis og helstu aðferðir við að mæla umhverfisgæði. Auðlindanýting, eignaréttur og klassísk viðfangsefni tengd „harmleik almenninga“ verða einnig til umfjöllunar í námskeiðinu. Hugtakið sjálfbær þróun verður kynnt til leiks, rætt um nýtingu endurnýjanlegra og óendurnýjanlegra náttúruauðlinda og um hæfi markaðins til að tryggja sem hagkvæmustu nýtingu auðlinda.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa þekkingu á helstu viðfangsefnum í auðlinda- og umhverfishagfræði
- Skilja hvernig hægt er að beita aðferðum hagfræðinnar í tengslum við skynsamlega nýtingu auðlinda og vernd náttúrugæða.
- Hafa færni til að gera einfaldar greiningar á verðmæti umhverfisgæða sem lið í kostnaðar- og ábatagreiningu.

Annað

Valnámskeið

Önn og lengd: Haust-, vor- eða sumarönn – 6 ECTS

Námslína: Allar námslínur

Forkröfur: 60 ECTS einingar í grunnnámi

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennari: Ýmsir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnatímar

Innihald og markmið:

Á hverri önn eru vanalega í boði 1-2 valnámskeið. Valnámskeið eru skipulögð sem hefðbundin 6 eininga námskeið, Markmið valnámskeiða er að nemendur geti dýpkað þekkingu sína á einstökum viðfangsefnum og byggt þannig ofan á þann grunn sem þegar er kominn í náminu.

Hæfniviðmið:

- Tilkynnt þegar valnámskeið eru auglýst

Málstofa

Önn og lengd: Haust-, vor- eða sumarönn öll ár – 2 ECTS

Námslína: Allar námslínur

Forkröfur: 60 ECTS einingar í grunnnámi

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennari: Ýmsir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður

Innihald og markmið:

Málstofa kunna að vera í boði þegar sérstakt tilefni er til. Málstofur geta snúið að málefnu sem eru ofarlega á baugi í samfélagsumræðu hverju sinni eða tengst rannsóknum fræðimanna við skólann. Nemandinn vinnur jafnan sjálfstætt verkefni í framhaldi og kynnir sér ítarefni í samráði við kennara. Málstofur víkka akademískan sjóndeildarhring nemenda og gera þeim kleift að fjalla um efni sem tengjast námsgreinum þeirra en eru þó ekki endilega hluti af hefðbundnu námsefni. Málstofur gefa 2 ECTS einingar og ekki er tryggt að á námsferli einstakra nemenda verði boðið upp á þrjár málstofur (sem saman jafngilda einu 6 ECTS eininga námskeiði). Einingar fyrir málstofur geta því verið umfram þær 180 ECTS einingar sem teljast til BA prófs.

Hæfniviðmið:

- Nemendur öðlast skilning á efni sem tengist meginviðfangsefni.
- Hljóta færni í gagnrýninni umfjöllun um efni sem er ofarlega á baugi umræðu innan greinar.
- Fá þjálfun í að vinna með sérfræðingum innan eða utan skólans.
- Auka virkni nemenda og sjálfstætt val þeirra á viðfangsefnum.

Misserisverkefni

Önn: Misserisverkefni eru unnin á sumarönn samhliða námskeiði í verkefnastjórnun – 8 ECTS

Námslína: Allar grunnnámslínur

Forkröfur: Aðferðafræði eða sambærilegt námskeið

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna 4-6 nemenda í hóp. Nauðsynlegt er að hóparnir samanstandi

af bæði fyrsta og annars árs nemendum.

Innihald og markmið:

Nemendur vinna sjálfstætt í hópum að viðfangsefni sem þeir velja sjálfir. Með verkefnavinnunni öðlast þeir þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og fá grundvallarreynslu í rannsóknum sem dýpkar og eykur á kunnáttu þeirra í aðferðafræði. Verkefni eru löguð að námsgrein hópsins.

Hæfniviðmið:

- Nemendur öðlast almenna rannsóknþjálfun.
- Byggja upp færni við að stilla upp og leysa verkefni sem taka á mikilvægum viðfangsefnum innan greinar.
- Þroska hæfni til samvinnu og teymisvinnu að margbrotnu verkefni.
- Byggja upp sjálfstæða gagnrýna hugsun gagnvart viðfangsefnum greinar.
- Læra að setja fram greiningu, gagnrýni og viðeigandi lausnir innan fræðilegs og hagnýts ramma

Námsmat:

- Rannsóknaráætlun (skilað áður en vinnan hefst) 5%
- Rannsóknaskýrsla 80%
- Misserisvörn 15%

Starfsnám

Önn og lengd: Starfsnám er alla jafna í boði á haustönn en í sumum tilfellum geta nemendur skráð sig í starfsnám á vorönn eða sumarönn. Lengd starfsnáms er 4-6 vikur og vegur 6 ECTS einingar. Hver ECTS eining jafngildir 25 – 30 vinnustundum nemenda

Námslína: Starfsnámið er ætlað nemendum í öllum námslínnum grunnnáms.

Forkröfur: Nemendur skulu hafa lokið 110 einingum.

Tungumál: Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.

Kennari: Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeina honum.

Kennsluáðferðir: Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunarinnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.

Innihald og markmið:

Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegrri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja, stofnana og samtaka.

Hæfniviðmið:

Að starfsnámi loknu eiga nemendur:

- að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin.
- að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.
- Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum.

Námsmat: Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur sem ber að skila til þess kennara sem heldur utan um starfsnámið ásamt skýrslu um það.

Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemanda og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans. Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.

BA ritgerð

Önn: Lokaönn í grunnnámi – 14 ECTS

Námslína: Allar námslínur í grunnnámi

Forkröfur: 150 ECTS

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna með leiðbeinanda.

Innihald og markmið:

Í lokaverkefni reynir á þá þekkingu og þjálfun sem nemandinn hefur öðlast í náminu. Hann velur sér efni í samráði við kennara sem gefur honum færi á að takast á sjálfstæðan hátt á við viðfangsefni greinar sinnar þannig að úr verði greining á vandamáli eða höfundu, sjálfstæð umfjöllun um vel afmarkað viðfangsefni, eða hagnýt verkefni s.s. viðskiptaáætlun.

Hæfniviðmið:

- Að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu.
- Vinna undir nánu eftirliti leiðbeinanda.
- Öðlast þjálfun í greiningu og að setja fram lausnir sem hæfa viðfangsefninu.
- Að hafa getu til að meðhöndla kenningar og viðtekin viðhorf sjálfstætt og á gagnrýninn hátt.

Námsmat: Nemandi þarf að fá rannsóknaráætlun samþykkt áður en hann getur hafist handa. Leiðbeinandi fer yfir og gefur einkunn fyrir verkefnið sem heild og gefur ítarlega umsögn. Umsögn og einkunn þarfnast staðfestingar prófdómara.

Lokaviðmið námslínu

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006

Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur á útskriftarskírteini og í skírteinisviðauka.

Þekking

Við útskrift hafa nemendur náð tókum á aðferðum og kenningum sem einkenna samfélagslega greiningu þeirra fræðigreina sem þeir hafa lagt stund á. Þeim er einnig ljós sú ábyrgð sem stefnumótandi áhrif faglegrar þekkingar þeirra færir þeim í starfi.

- Nemendur hafa öðlast víðtækan skilning á helstu kenningum og hugtökum sem tengjast miðlun, fjölmiðla- og boðskiptafræði, almannatengslum sem og menningarfræðum.
- Þeir hafa vitneskju um nýjustu hugmyndir, aðferðir og tækni á umræddum sviðum.
- Þeir geta lagt gagnrýnið mat og tekið afstöðu til þeirrar fræðilegu þekkingu sem þeir hafa öðlast.

Leikni

Útskrifaðir nemendur geta beitt aðferðum og vinnubrögðum félagsvísinda við greiningu og gagnaöflun jafnt í starfi sem frekara námi.

- Þeir geta notfært sér, skilgreint og rökstutt með skýrum og skiljanlegum hætti þá fræðilegu þekkingu sem þeir hafa yfir að búa.
- Nemendur hafa öðlast öryggi til sjálfstæðrar vinnu, greiningar og framsetningar á upplýsingum og.
- Nemendur hafa tileinkað sér skilvirkar aðferðir upplýsingaöflunar og getu til þess að velja markvissar og árangurríkar leiðir til upplýsingamiðlunar.
- Nemendur eru þjálfaðir í meðferð upplýsinga og nýrra gagna. Þeir geta metið áreiðanleika þeirra og nýtt þær eins og við á. Í þessu sambandi geta þeir gert greinarmun á eigindlegum og meginlegum rannsóknnum, og textatúlkun.
- Nemendur hafa kynnt sér og geta notað öll helstu gagnasöfn hug- og félagsvísinda og hafa hlotið þá þjálfun sem nauðsynleg er til að hafa full not af slíkum söfnum.
- Nemendur hafa fengið hvatningu og þjálfun til sjálfstæðrar hugsunar, greiningar og vinnubragða almennt.

Hæfni

Nemendur sem ljúka prófi í Miðlun og Almannatengslum eru færir um að hagnýta þekkingu sína við ólíkar aðstæður og skilyrði. Þeir búa yfir faglegrri þekkingu sem gerir þeim kleift að halda áfram námi á meistara- og doktorsstigi og til að takast á við fjölbreytt verkefni í atvinnulífi.

- Nemendur eiga að geta heimfært fræðilegri þekkingu og kunnáttu á raunverulegar aðstæður.
- Nemendur eiga að geta greint milli ólíkra tegunda miðlunarleiða sem og margvíslegra aðstæðna fyrir upplýsingamiðlun.
- Nemendur hafa tileinkað sér skipuleg og skilvirk vinnubrögð sem stuðla að árangursríkri framsetningu og upplýsingamiðlun.
- Nemendur eru þjálfaðir í teymis- og hópvinnu undir krefjandi aðstæðum.
- Nemendur eru færir um að takast á við stjórnunarlega ábyrgð og gera sér grein fyrir samfélagslegum, menningarlegum og pólitískum áhrifum ábyrgra stjórnarháttá.